

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2021-2022*

Lærdómssamfélag með áherslu á námsmenningu hæfnimiðaðs leiðsagnarnáms

Ábyrgðarskóli verkefnis: Flataskóli

Samstarfsskólar: Engir.

Í viðmiðum Flataskóla um starfshætti er áhersla m.a. lögð á námsmenningu leiðsagnarnám og því þótti mjög eftirsóknarvert að skrá nokkra leiðtoga á námskeið Menntafléttunnar um leiðsagnarnám og fá styrk frá Garðabæ og endurmenntunarsjóði grunnskóla til að greiða leiðtogunum fyrir að leiða lærdómssamfélag innan skólans. Deildarstjórar stiga skólans voru hluti af leiðtogateyminu.

Innleiðing skólaársins 2021-2022 fólst í kynningum, lestri, umræðum og ígrundun kennara til að komast að því hvers vegna við eigum að innleiða leiðsagnarnám, hvernig við gerum það og hvaða þætti við ættum að vinna mest með og í hvaða röð.

Óhætt er að halda fram að allir kennarar skólans eru komnir með hugmynd um hvers vegna við ættum að innleiða leiðsagnarnám og áhuginn er mikill. Við þurfum að að þróa enn frekar hvernig við byggjum markvisst upp námsmenningu leiðsagnarnáms svo hún einkenni nám og kennslu í öllum skólastofum skólans. Næsta skólaár munu árgangateymi velja sér þá þætti sem þeir ætla að vinna markvisst með. Árgangateymin velja sér tvo þætti á hvorri önn úr viðmiðum um starfshætti til að rannsaka og æfa sig á í sínum árgangi.

Þátttakendur: Allir kennarar og stjórnendur í Flataskóla. Í leiðtogateymi skólans voru :
Heiðveig Hanna Friðriksdóttir, Helga Kristjánsdóttir, Elínborg Sigurgeirsdóttir, Halla Rósenkranz, Rut Ingólfssdóttir, Ágústa Amalía Sigurbjörnsdóttir og Rósa Lilja Thorarensen.

Verkefnisstjóri: Edda Gíslrún Kjartansdóttir

Ártal úthlutunar úr þróunarsjóðnum. 2021

Skólaár / tímabil sem verkefnið er unnið. 2021-2022

Skólastig: (Leikskólastig, yngsta stig grunnskóla, miðstig grunnskóla, unglingsstig grunnskóla, samstarf skólastiga: telja upp hvaða skólastig)

Leikskóladeild, yngsta- og miðstig grunnskóla.

Áhersluþættir

- Fagmennska kennara
- Forvarnir
- Heilbrigði og velferð
- Jafnrétti
- Líðan
- Lýðræði og mannréttindi
- Læsi
- Mat á skólastarfi
- Samskipti og félagsfærni
- Sjálfbærni
- Skóli margbreytileikans
- Sköpun

Námsgrein (hakað við eitt eða fleiri atriði sem við á):

- Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál
- Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál
- Íþróttir og hreyfing
- List- og verkgreinar
- Náttúrugreinar
- Samþætting námsgreina
- Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði
- Stærðfræði
- Upplýsinga- og tæknimennt

Getur átt við allar námsgreinar og nýtist í þeim öllum.

Vefslóð

Hér er vefur sem er í þróun og heldur utan um starfsþróun kennara Flataskóla.

<https://sites.google.com/gbrskoli.is/flataskolistarfsthroun/heim>

Hér er vefur sem styður okkur við innleiðingu leiðsagnarnáms, þessi vefur er ekki eftir okkur.

<https://leidsagnarnam.is/>


Markmið /verkefnið í hnotskurn:

Meginmarkmið verkefnisins er að skapa lærdómssamfélag sem leggur áherslu á námsmenningu sem einkennist af hæfnimiðuðu leiðsagnarnámi einnig kallað leiðsagnarmat.

Með námsmenningu leiðsagnarnáms sem einkennist af skýrleika og virkni nemenda er hægt að stuðla að meiri námsárangri nemenda. Skýrleikinn felur það í sér að nemendum er ljóst hvert þeir stefna og til hvers er ætlast af þeim og þeir fá markvissa upplýsandi endurgjöf í námsferlinu sem gerir þeim kleift að bæta sig í því sem þeir þurfa að bæta sig í. Virkni nemenda felur það í sér að þeir ræða nám sitt markvisst, taka afstöðu í eigin námi og eru meðvitaðir um eigin áhrif á nám sitt og hvernig þeir geta bætt sig.

Lýsing á framgangi verkefnisins:

Sjö kennarar tóku að sér að leiða vinnuna. Þeir kennarar sóttu námskeiði í HÍ sem var skipulagt í sex vinnulotum. Þar lærðu þeir um hugmyndafræði leiðsagnarnáms og um leiðtogahlutverkið og fengu hagnýtt veganesti til að styðja við námssamfélag innan skólans. Unnið var eftir svokölluðum þróunarhring. Sem nýttist leiðtogum í vinnunni með kennurum í Flataskóla.



Við höldum 13 fundi (stefnt var að 16) auk eins sameiginlegs fundar í upphafi. Leiðtogar héldu utan um fræðslu og skipulag fundanna og vinnan sem þeir fengu greitt fyrir af styrknum er vegna undirbúnings og skipulags u.þ.b. tveggja funda í mánuði skólaárið 2021-2022. Á fundunum unnu þátttakendur verkefni, ígrunduðu lesefni, gerðu áætlanir og sögðu frá tilraunum sínum.

Á milli fundanna lásu kennarar skólans t.d. valda kafla í bókinni Leiðsagnarnám. Hvers vegna, hvernig, hvað? (2021) eftir Nönnu Kristínu Christiansen, horfðu á valin myndbönd og æfðu sig á tilteknum verkefnum í kennslustofum sem þeir höfðu gert áætlanir um áður á fundi. Síðan var haldinn fundur til að kynna, ígrunda og meta hvernig tókst til.

Settur var upp námsveggur á kaffistofu starfsfólks svo allir gætu fylgst með því hvað við erum að læra.

Til að byggja enn frekar undir leiðsagnarnám vann kennsluráðgjafi með árgangateymum í ákveðin tímabil og studdi við þau varðandi leiðsagnarnám og hæfnimiðað nám jafnhliða því að styðja teymin við að nýta upplýsingatækni í sinni kennslu.

Í töflunni hér fyrir neðan sést hvenær fundir voru haldnir og hvað tekið var fyrir á hverjum fundi:

Dags.	Viðfangsefni
16. 08	Sameiginlegur fundur með öllum kennarahópnum um leiðsagnarnám og það sem er framundan í því.
14. 09.	Sett af stað verkefni þar sem teymi greindu styrkleika og veikleika í starfi sínu m.t.t. leiðsagnarnáms.

28.09.	Samræða og ígrundun um niðurstöður teyma frá síðasta fundi
12.10.	Lásur kaflann um námsmenningu í hópum og notuðum púslaðferðina. Leiðtogar kynntu sérstaklega gullna hringinn. Allir kennarar fengu eyðublað með sínum gullna hring til að lita og hafa nálægt sér.
26.10.	Féll niður
16.11.	Veltum fyrir okkur gullna hring Sinek (bls. 29-32) og ræddum hve mikilvægt er að spyrja sig fyrst hvers vegna gerum við það sem við gerum í stað þess að byrja á að spyrja sig hvað ætlum við að gera eða hvernig ætlum við að gera það sem fyrirbyggur. Heimaverkefnið var að útbúa kennsluáætlun út frá hæfniviðmiðum með gullna hringinn í huga, og setja viðmið um árangur og nota fyrirmyndir.
30.11.	Samræða og ígrundun um hvernig tókst til. Hvað gekk vel og hvar var erfitt.
8.12.	Áframhaldandi umræða um kennsluáætlun út frá hæfniviðmiðum.
12.01.	Féll niður
18.1.	Kafli um endurgjöf lesinn- púslaðferðin. Eitthvað hagnýtt valið úr kaflanum til að prófa.
08.2.	Netfundur þar sem rætt var um endurgjöf og fólk sagði frá því sem þeim aðferðum sem það hafði reynt og gengið vel með.
15.2.	Féll niður
8.3.	Farið yfir 10 leiðarljós kennara (bls. 26). kennarar velja sér leiðarljós sem þeir ætla að æfa sig í að leggja áherslu á í kennslustofunni og ígrunda í sinni kennslu.
16.3.	Samræða og ígrundun um hvernig tókst til. Hvað gekk vel og hvar var erfitt.
6.4.	Umfjöllun um endurgjöf, kennarar vinna verkefni sem fer upp á námsvegg starfsfólks
4.5.	Ígrundun og samræða um það sem kennarar völdu sér að prófa í kennslustofum.
25.5.	Öll teymi kynntu það sem þau höfðu prófað með nemendum.

Hindranir og frávík frá upphaflegri áætlun:

Verkefnið er viðamikil og helstu hindranir voru líklega þær að leiðtogarnir voru bæði að læra að vera leiðtogar og um viðfangsefnið sem var til umfjöllunar á sama tíma og þeir áttu að leiða námssamfélag í skólanum og áttu því stundum erfitt með að halda utan um námssamfélagið sem þeim var ætlað að skapa. Hefð fyrir námssamfélagi er ekki sérlega sterk fyrir og sjálfstraust leiðtoganna var mismikið. En

Þetta var góð æfing í faglegri samræðu og með því að halda áfram að æfa okkur verðum við betri í því að gera vinnustaðinn okkar að faglegu námssamfélagi.

Ekki var hægt að greiða leiðtogunum fyrir mikla aukavinnu og þeir fundu fyrir því í hversdagslegu amstri daganna að verkefnið varð stundum útundan og svo var hlaupið til að undirbúa fundi á síðustu stundu.

Við stefndum á að hafa tvo fundi í mánuði en það gekk ekki alveg eftir af ýmsum ástæðum.


Covid var hindrun á tímabilum og við prófuðum að hafa rafræna fundi í eitt skipti sem ekki var jafn gefandi og fundir í holdi.

Mat á verkefninu (afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf, óvæntar hliðarverkanir, vonbrigði o.s.frv.):

Þó fundir hafi verið færri en til stóð þá erum við sátt við að hafa ekki misst dampinn alveg niður. Það tókst að halda verkefninu á lofti og skipuleggja samræðu og kennarar prófuðu sig áfram að einhverju leyti. Við vissum í upphafi að grundvallaratriði var að skipuleggja tíma fyrir fundi svo hægt væri að vinna verkefnið. Hópfundirnir voru settir á dagskrá að hausti og merktir inn í starfsáætlun skólans, öðruvísi hefði framkvæmdin ekki gengið upp. Enn betra hefði verið að festa einnig niður undirbúningsfundi leiðtogateymanna en það var í höndum leiðtoganna að finna tíma sem hentaði og það var ekki alltaf auðvelt.

Hvað varðar markmiðið að skapa lærdómssamfélag um leiðsagnarnám í Flataskóla þá erum við lögð af stað. Grunnurinn var lagður skólaárið 2020-2021 og þetta þróunarverkefni gerði okkur kleift að fara enn marvissar af stað skólaárið 2021-2022. Við munum halda ótrauð áfram og eftir 5 ár sjáum við vonandi afrakstur í námi nemenda.

Mat teymanna sjálfra birtist í byrjun maí á marglitum hausum á námsvegg kennara:



Það sem teymin skráðu inn í hausana er sameiginleg ígrundun þeirra á því hvað úr námsefninu teymið notar nú þegar, hvað teyminu fannst áhugaverðast og hvers vegna og hvað úr námsefninu teymið langar til að prófa og hvers vegna.

Í lok maí koma teymin saman og kynna fyrir öllum hópnum það sem þau eru ánægðust með af því sem þau hafa prófað og/eða hvað var prófað og gekk ekki vel.

Lokaorð

Í Flataskóla hefur verið unnið með nokkra þætti leiðsagnarnáms í nokkur ár sem gerir jarðveginn fyrir markvissa innleiðingu frjóan. Vinna við innleiðingu á leiðsagnarnámi er að mestu leyti vinna með viðhorf og nýja sýn á nám og kennslu.

Við stefnum að því að:

- nám nemenda verði ekki bókamiðað heldur byrji kennarar á því að ákveða hvaða hæfni nemendur þeirra eiga að ná og ákveði útfrá því hvað nemendur fást við í námi sínu.
- nemendum séu ljóst að hverju er stefnt og hvað þeir þurfa að leggja af mörkum til að komast þangað
- viðmið um árangur liggi fyrir og að nemendum sé gert kleift að taka þátt í að setja þau
- nemendur taki þátt í markvissum samræðum um eigið nám
- markviss endurgjöf sé gefin í námsferlinu
- endurgjöf nýtist bæði nemendum og kennurum til að ná bæta nám og kennslu

Til að ná þessu fram nýtum við skipulag, fjölbreytt verkfæri og leiðir í kennslustofunni. Mikilvægt er að verkfærin verði ekki aðalatriðið og að við aðlögum þau ekki að því sem við höfum gert áður heldur skiljum hugmyndafræðina og hvers vegna við erum að innleiða leiðsagnarnám og notum þau verkfæri sem þjóna því og stuðla að sterkari námsvitund nemenda og tækifærum þeirra til að ná árangri í námi sínu. Þannig þróum við okkar starfshætti. Með vinnunni sem fór fram undir leiðsögn leiðtoga innan skólans færumst við nær því að þróa námsmenningu í skólastofum í átt að námsmenningu leiðsagnarnáms.

Kynningar á verkefnum:

Kynning var haldin á Menntadögum Garðabæjar 2022 og einnig á opnum fundi skólaráðs Flataskóla 19.apríl 2022. Á síðasta fundi vetrarins var haldin uppskeruhátíð og teymi kynntu hvert fyrir öðru hvað hefur staðið upp úr í vetur.

Heildarupphæð styrks: 669 000,-

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Leiðtogarnir sjö undirbjuggu og héldu 13 fundi. Fundunum var yfirleitt skipt í tvennt eða þrennt, 2-3 leiðtogar voru með 1/3 hópsins. Greiðslum fyrir undirbúning og skipulag var skipt jafnt á milli leiðtoganna.

Hver leiðtogi fær 7000,- krónur fyrir undirbúning og skipulag hvers fundar, leiðtogarnir voru sjö svo hver fundur kostaði okkur 49 000,-.

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
14.09.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
28.09.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
12.10.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-

16.11.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
30.11.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
8.12.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
18.01.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
08.02.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
08.03.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
16.03.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
06.04.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
04.05.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
24.05.	Laun vegna undirbúnings leiðtoga	49 000,-
	Samtals	637 000,-

Þau 32 000,- sem út af standa fara upp í hluta af greiðslu fyrir bækur sem keyptar voru fyrir alla kennara skólans.

20. júní 2022 , Edda Gíslrún Kjartansdóttir

dags. nafn verkefnisstjóra

20. júní 2022 Ágúst Frímann Jakobsson

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla